

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar leggur til að Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 - 2025 verði breytt til samræmis við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins um afmörkun verndarsvæða vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnessbæjar, Kópavogskaupstaðar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu sem samanstendur af samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla og afmörkun þeirra samkv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, 12.gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og 9. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn hefur verið auglýst og samþykkt af sveitarstjórnnum og heilbrigðisnefndum á svæðinu.

Breyting á vatnsverndarmörkum innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar er aðallega tilkomin vegna þess að brunnsvæði við Straumsel VB3 er fellt út og því færast mörkin vatnsverndar til suðurs sem nemur áhrifasvæðis þess. Einnig er skv. svæðisskipulaginu skilgreindur nýir flokkar vatnsverndar í landi Hafnarfjarðar þ.e. öryggissvæði vegna grunnvatns.

Breytingar á töflum á blaðsíðu 64 í greinargerð Aðalskipulags Hafnarfjarðar, dags. 19. apríl 2014, sem eru tafla 19: Yfirlit yfir vatnsból og tafla 20: Yfirlit yfir vatnsverndarsvæði.

Töflurnar verða eftirfarandi:

Merking	Heiti	Stærð ha	Lýsing
VB1	Kaldárbotnar	34	Vatnsból Hafnarfjarðar sjálfrennsli
VB2	Mygludalir	96	Verndarsvæði Kaldárbotna
VB4	Við Krýsuvíkurskóla	0,2	
	Heildarstærð	130	

Tafla 19. Yfirlit yfir vatnsból

Merking	Heiti	Stærð ha	Lýsing
VG1	Vatnsvernd grannsvæði uppland		Grannsvæði vatnsveitu
VG2	Vatnsvernd grannsv Krýsuvík		
VF1	Vatnsvernd fjarsvæði uppland		Fjarsvæði vatnsverndar
VF2	Vatnsvernd fjarsv Krýsuvík		
VÖ1	Öryggissvæði vegna grunnvatns		
	Heildarstærð		

Tafla 20. Yfirlit yfir Vatnsverndarsvæði

Töflurnar voru eftirfarandi:

(ath villa í töflu nr. 19)

Voru svona:

Merking	Heiti	Stærð ha	Lýsing
VB1	Kaldárbotnar	34	Vatnsból Hafnarfjarðar sjálfrennsli
VB2	Mygludalir	96	Verndarsvæði Kaldárbotna
VB3	Straumsel	11	Áður fyrirhugað vatnsból
VB4	Við Krýsuvíkurskóla	0,2	

Tafla 19. Yfirlit yfir vatnsból

Merking	Heiti	Stærð ha	Lýsing
VG1	Vatnsvernd grannsvæði uppland	699	Fjarsvæði vatnsverndar
VG2	Vatnsvernd grannsv Krýsuvík	39	
VF1	Vatnsvernd fjarsvæði uppland	4895	Grannsvæði vatnsveitu
VF2	Vatnsvernd fjarsv Krýsuvík	107	
	Heildarstærð	6580	

Tafla 20. Yfirlit yfir Vatnsverndarsvæði